

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR**  
**nr. 112/2002**

**frá 27. september 2002**

**um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna)**  
**við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginleгу EES-nefndarinnar nr. 78/2002 frá 25. júní 2002 <sup>(1)</sup>.
- 2) Fella ber fjórar gerðir um málefni er varða eftirlit, eftirlitsráðstafanir – sjúkdómstilkynningar, og heilbrigði dýra - viðskipti með lifandi dýr og markaðssetningu á þeim, inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB fellir úr gildi ákvarðanir 93/24/EBE og 93/244/EBE sem eru hluti af samningnum og ber því að fella þær brott úr honum.
- 4) Ákvörðun þessi á hvorki við um Ísland né Liechtenstein.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

*1. gr.*

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er í viðauka við þessa ákvörðun.

*2. gr.*

Texti ákvarðana 2001/525/EB <sup>(2)</sup>, 2001/577/EB <sup>(3)</sup>, 2001/618/EB <sup>(4)</sup> og 2001/660/EB <sup>(5)</sup> á norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

---

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 266, 3.10.2002, bls. 22 og EES-viðbæti við Stjtið. EB nr. 49, 3.10.2002, bls. 14.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 190, 12.7.2001, bls. 24.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 27.

<sup>(4)</sup> Stjtið. EB L 215, 9.8.2001, bls. 48.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. september 2002, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (\*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. september 2002.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*Gunnar Snorri Gunnarsson*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*P.K. Mannes    M. Brinkmann*

---

(<sup>5</sup>) Stjtið. EB L 232, 30.8.2001, bls. 23.

(\*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**VIÐAUKI**  
**VIÐ ÁKVÖRUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR NR. 112/2002**

I. kafla I. viðauka við samninginn skal breytt eins og tilgreint er hér að neðan.

1. Eftirfarandi liður komi aftan við 13. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/399/EB) í hluta 1.2 undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:  
  
„14. **32001 D 0577:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/577/EB frá 25. júlí 2001 um að ákveða dag þegar sending frá Portúgal á nautgripaaferðum, samkvæmt útflutningsáætlun sem tekur mið af dagsetningu, getur hafist í krafti 2. mgr. 22. gr. ákvörðunar 2001/376/EB (Stjtið. EB L 203, 28.7.2001, bls. 27).“
2. Eftirfarandi undirliður bætist við í 13. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/112/EB) í hluta 3.2:  
  
- **32001 D 0660:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/660/EB frá 6. ágúst 2001 (Stjtið. EB L 232, 30.8.2001, bls. 23).“
3. Eftirfarandi undirliður bætist við í 12. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/680/EB) undir fyrirsögninni „*GERÐIR SEM EFTA-RÍKIN OG EFTIRLITSSTOFNUN EFTA SKULU TAKA TILHLÝÐILEGT TILLIT TIL*“:  
  
„, eins og henni var breytt með:  
  
- **32001 D 0525:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/525/EB frá 28. júní 2001 (Stjtið. EB L 190, 12.7.2001, bls. 24).“
4. Eftirfarandi liður komi aftan við 63. lið (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/183/EB) í hluta 4.2:  
  
„64. **32001 D 0618:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/618/EB frá 23. júlí 2001 um viðbótarábyrgðir í viðskiptum innan bandalagsins með svín í tengslum við Aujeszky-veiki, viðmiðanir um að veita upplýsingar um sjúkdóminn og um að fella úr gildi ákvarðanir 93/24/EBE og 93/244/EBE (Stjtið. EB L 215, 9.8.2001, bls. 48).“
5. Texti 9. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/24/EBE) og 19. liðar (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 93/244/EBE) í hluta 4.2 falli brott.